

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/1542****2020/EES/16/03****frá 8. júní 2017****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikning á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir tiltekna flokka eigna í eigu váttrygginga- og endurtryggingafélaga (innviðafyrirtæki) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 50. gr. og b-, c- og m-lið 1. mgr. 111. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fjárfestingaráætlunin fyrir Evrópu beinist að því að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum, að gera fjárfestingarverkefni sýnilegri, veita tækniástoð og ýta undir skynsamlegri nýtingu á nýju sem fyrirliggjandi fjármagni. Þriðja stoð fjárfestingaráætlunarinnar byggist einkum á því að ryðja hindrunum úr vegi fjárfestinga og auka fyrirsjáanleika í eftirliti til að Evrópa verði áfram eftirsóknarverð fyrir fjárfestingar.
- 2) Eitt markmiða sambands fjármagnsmarkaða er að virkja fjármagn í Evrópu og beina því, meðal annars, til innviðaverkefna sem þarfnast þess til að stækka og skapa störf. Váttryggingafélög, einkum líftryggingafélög, eru á meðal stærstu stofnanafjórðingunni í Evrópu, með getu til að leggja fram hlutafé sem og fjármagna skuldir innviða til langs tíma.
- 3) Hinn 2. apríl 2016 öðlaðist framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/467 <sup>(2)</sup>, um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 <sup>(3)</sup>, gildi þar sem sérstökum eignaflokki fyrir innviðaverkefni var komið á, í því skyni að kvarða áhættu.
- 4) Framkvæmdastjórnin fór fram á og fékk frekari tækniráðgjöf frá Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA) að því er varðar viðmiðanir og kvörðun nýs eignaflokks fyrir innviðafyrirtæki. Í þeirri tækniráðgjöf var einnig mælt með tilteknum breytingum á viðmiðunum fyrir viðurkenndar fjárfestingar í innviðaverkefnum sem voru innleiddar með framseldri reglugerð (ESB) 2016/467.
- 5) Til þess að skilgreiningin á fyrirtæki í innviðafjárfestingum taki einnig til samsettrar fjármögnunar verkefna þar sem margir lögaðilar í fyrirtækjasamsteypu eiga hlut að máli ætti að skipta út og víkka fyrrnefnda skilgreiningu þannig að hún gildi bæði um einstök fyrirtæki og fyrirtækjasamstæður. Breyta ætti orðalagi tekjuviðmiðunarinnar til þess að hún taki til aðila sem fá verulegan hluta tekna sinna frá innviðastarfsemi. Til að meta tekjulindir innviðaaðila ætti að nota nýjasta fjárhagsárið, ef það liggur fyrir, eða fjármögnunartillögu eins og t.d. útboðslýsingu skuldabréfa eða fjárhagslegar spár í lánsúmsókn. Skilgreining á innviðaeignum ætti að fela í sér áþreifanlegar eignir þannig að viðeigandi innviðaaðilar geti talist viðurkenndir.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 236, 14.9.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar). Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 236, 14.9.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/467 frá 30. september 2015 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikninginn á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir tiltekna eignaflokka í eigu váttrygginga- og endurtryggingafélaga (Stjttíð. ESB L 85, 1.4.2016, bls. 6).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjttíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

- 6) Til að komast hjá því að innviðaaðilar sem geta ekki veitt lánveitendum tryggingu fyrir öllum eignum af lagalegum eða eignarréttarlegum ástæðum séu algerlega útlokaðir ætti að koma á kerfum sem gefa kost á öðru fyrirkomulagi trygginga til handa lánveitendum.
- 7) Að teknu tilliti til aðstæðna þar sem ekki er leyfilegt að leggja fram tryggingu fyrir vanskil samkvæmt landslögum ætti krafan um að hlutafé sé veðsett lánveitendum að felast í öðru tryggingarfyrirkomulagi.
- 8) Þegar samþykki fyrirleggjandi lánveitenda er undirskilið í skilmálum viðeigandi skjals eins og um hámark skuldsættningar ætti frekari skuldabréfaútgáfa starfandi innviðaaðila eða fyrirtækjasamsteypu að vera heimil fyrir viðurkenndar innviðafjárfestingar.
- 9) Kvörðunin í framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 ætti að vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem um er að ræða.
- 10) Á grundvelli tækniráðgjafar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um að breyta núverandi meðferð á viðurkenndum fjárfestingum í innviðaverkefnum ætti að breyta gildandi ákvæðum um innviðaverkefni.
- 11) Tækniráðgjöf Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar sem og frekari gögn staðfesta að viðurkenndar fjárfestingar í innviðafyrirtækjum geta verið traustari en fjárfestingar í öðru en innviðum. Breyta ætti framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 til að hún nái yfir nýju áhættukvörðunina fyrir skuldafjárfestingu í viðurkenndum innviðafyrirtækjum til að greina þessar fjárfestingar frá fjárfestingum í öðru en innviðum.
- 12) Viðeigandi skilgreiningar og hæfisskilyrði ættu að tryggja varfærnar fjárfestingaraðferðir váttryggingafélaga. Þessar skilgreiningar og skilyrði ættu að tryggja að eingöngu traustari fjárfestingar njóti góðs af lægri kvörðun.
- 13) Fjölbreyttari tekjuöflun er hugsanlega ekki alltaf möguleg fyrir innviðaaðila sem láta öðrum innviðarekstri í té kjarnainnviðaeignir eða -þjónustu. Í slíkum tilvikum ætti að heimila algreiðslusamninga við mat á fyrirsjáanleika tekna.
- 14) Í álagsprófun, sem hluta af stjórnun fjárfestingaráhættu, ætti að taka til athugunar áhættur sem stafa af starfsemi sem er ekki á sviði innviða. Til að tryggja varfærið mat á fjárfestingaráhættu ætti þó ekki að taka tillit til tekna af slíkri starfsemi þegar ákvarðað er hvort hægt sé að standa við fjárskuldbindingarnar.
- 15) Í framhaldi af innleiðingu nýja viðurkennda eignaflokksins fyrir innviðafyrirtæki ætti að aðlagða önnur ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 til samræmis við það, einkum reiknireglu fyrir gjaldþolskröfu og kröfur um áreiðanleikakönnun sem eru mikilvægar fyrir varfærnar fjárfestingarákvarðanir váttryggingafyrirtækja.
- 16) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það.
- 17) Til að gera kleift að fjárfesta þegar í stað í þessum innviðaeignaflokki til langs tíma er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er, þ.e. daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 55. liðar a og 55. liðar b í 1. gr. komi eftirfarandi:

„55a. „innviðaeignir“: áþreifanlegar eignir, byggingar eða búnaður, kerfi og net sem veita eða styðja við nauðsynlega opinbera þjónustu,

55b. „innviðaaðili“: aðili eða fyrirtækjasamstæða sem, á síðasta fjárhagsári þess aðila eða samstæðu sem tölur eru tiltækar fyrir eða í fjármögnunartillögu, fær umtalsverðan meirihluta tekna sinna af eignarhaldi, fjármögnun, þróun eða rekstri innviðaeigna,“.

## 2) Í stað 1. mgr. 164. gr. a kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar þessa reglugerð skal viðurkennd innviðafjárfesting ná yfir fjárfestingar í innviðaaðila sem uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir:

- a) sjóðstreymið frá innviðaeignunum gerir kleift að standa við allar fjárskuldbindingar í viðvarandi álagsaðstæðum sem skipta máli fyrir áhættu af verkefninu,
- b) sjóðstreymið sem innviðaaðili skapar fyrir lánveitendur og hluthafa er fyrirsjáanlegt,
- c) lögboðinn eða samningsbundinn rammi gildir um innviðaeignirnar og innviðaaðilann, sem veitir lánveitendum og hluthöfum hátt verndarstig ásamt eftirfarandi:
  - a) samningsbundni ramminn skal innihalda ákvæði sem á skilvirkan hátt verndar lánveitendur og hluthafa gegn tapi sem stafar af slitum verkefnis af hálfu þess aðila sem samþykkir að kaupa vörur þær eða þjónustu sem innviðaverkefnið lætur í té, nema eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:
    - i. tekjur innviðaaðilans eru greiðslur frá miklum fjölda notenda, eða
    - ii. tekjurnar falla undir reglur um arðsemi,
  - b) innviðaaðilinn hefur næga varasjóði eða annað fjármögnunarfyrirkomulag til að mæta ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarfjárförf verkefnisins.

Ef fjárfestingar eru í skuldabréfum eða lánnum skal þessi samningsbundni rammi einnig innihalda eftirfarandi:

- i. lánveitendur hafa tryggingu eða njóta ávinnings af tryggingu að því marki sem heimilað er í gildandi lögum, í öllum eignum og samningum sem eru mikilvægir fyrir starfrækslu verkefnisins,
- ii. notkunin á nettó sjóðstreymi frá rekstrinum eftir lögboðnar greiðslur frá verkefninu, í öðrum tilgangi en til að standa undir lánaskuldbindingum, er takmörkuð,
- iii. takmarkanir á starfsemi sem getur verið skaðleg lánveitendum, þ.m.t. að ekki verði hægt að gefa út nýja skuldagerninga án samþykkis núverandi lánveitenda á því formi sem samið er um við þá, nema útgáfa nýrra skulda sé heimilud samkvæmt skilmálum fyrirliggjandi skulda.

Þrátt fyrir i. lið annarrar undirgreinar má nota annað tryggingarfyrirkomulag fyrir fjárfestingar í skuldabréfum eða lánnum, þegar félögin geta sýnt fram á að trygging í öllum eignum og samningum er ekki mikilvæg fyrir lánveitendur til að vernda eða endurheimta mikinn meirihluta fjárfestinga sinna á skilvirkan hátt. Í því tilviki skal hitt tryggingarfyrirkomulagið fela í sér a.m.k. eitt af eftirfarandi:

- i. veðsetningu hlutabréfa,
  - ii. forgangsréttur,
  - iii. veð í bankareikningum,
  - iv. stjórn á sjóðstreymi,
  - v. ákvæði um framsal samninga,
- d) ef fjárfestingar eru í skuldabréfum eða lánnum getur váttrygginga- eða endurtryggingafélagið sýnt eftirlitsaðilanum fram á að það geti átt fjárfestinguna fram að gjalddaga,
  - e) ef fjárfestingar eru í skuldabréfum eða lánnum sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er ekki tiltækt fyrir, hefur fjárfestingargerningurinn og aðrir jafngildir gerningar forgang á allar aðrar kröfur, nema lögbundnar kröfur og kröfur frá veitendum lausafjárfyrirgreiðslu, fjárvörsluaðilum og mótaðilum afleiða,
  - f) ef fjárfestingar eru í hlutabréfum, skuldabréfum eða lánnum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skulu eftirfarandi viðmið uppfyllt:
    - i. innviðaeignirnar og innviðaaðilinn eru staðsett á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD),

- ii. ef innviðaverkefnið er á uppbyggingarstigi skal hluthafinn uppfylla eftirfarandi viðmiðanir, eða ef hluthafar eru fleiri en einn, skal hópur hluthafa í heild uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:
    - hluthafarnir hafa áður haft árangursríka tilsjón með innviðaverkefnum og hafa viðeigandi sérfræðikunnáttu,
    - hluthafarnir eru með lága vanskilaáhættu, eða lítil hættu er á umtalsverðum töpum vegna vanskila þeirra fyrir innviðaaðilann,
    - hluthafarnir hafa hvata til að vernda hagsmuni fjárfesta,
  - iii. ef um er að ræða uppbyggingaráhættu, eru öryggisráðstafanir til að tryggja að verkefninu verði lokið samkvæmt samþykktri forskrift, fjárhagsáætlun eða lokadegi,
  - iv. ef rekstraráhætta er umtalsverð er henni stjórnað á tilhlýðilegan hátt,
  - v. innviðaaðilinn notar gæðaprófaða tækni og hönnun,
  - vi. fjármagnsuppbygging innviðaaðilans gerir honum kleift að standa skil á skuldum sínum,
  - vii. endurfjármögnunaráhættan fyrir innviðaaðilann er lág,
  - viii. innviðaaðilinn notar afleiður eingöngu í áhættuvarnskyni.“
- 3) Eftirfarandi 164. gr. b bætist við:

„164. gr. b

#### **Viðurkenndar fjárfestingar í innviðafyrirtækjum**

Að því er varðar þessa reglugerð skal viðurkennd innviðafjárfesting ná yfir fjárfestingu í innviðaaðila sem uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir:

- 1) innviðaaðilinn fær umtalsverðan meirihluta tekna sinna af eignarhaldi, fjármögnun, þróun eða rekstri innviðaeigna á Evrópska efnahagssvæðinu eða innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar,
  - 2) tekjurnar af innviðaeignunum uppfylla eina þeirra viðmiðana sem settar eru fram í a-lið 2. mgr. 164. gr. a,
  - 3) ef tekjur innviðaaðilans koma ekki sem greiðslur frá miklum fjölda notenda skal aðilinn sem samþykkir að kaupa vörurnar eða þjónustuna sem innviðaaðilinn lætur í té vera einn þeirra aðila sem eru skráðir í b-lið 2. mgr. 164. gr. a.,
  - 4) tekjurnar skulu vera dreifðar að því er varðar starfsemi, staðsetningu, eða greiðendur, nema tekjurnar falli undir arðsemisreglur í samræmi við ii. lið a-liðar c-liðar 1. mgr. 164. gr. a eða algreiðslusamning eða byggist á tiltækileika,
  - 5) ef fjárfestingar eru í skuldabréfum eða lánnum getur váttrygginga- eða endurtryggingafélagið sýnt eftirlitsaðilanum fram á að það geti átt fjárfestinguna fram að gjalddaga,
  - 6) ef ekkert lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er tiltækt fyrir innviðaaðilann:
    - a) skal fjármagnsuppbygging innviðafyrirtækisins gera því kleift að standa skil á skuldum sínum samkvæmt varfærnislegum forsendum sem byggjast á greiningu á viðeigandi fjárhagskennitölum,
    - b) skal innviðaaðilinn hafa haft starfsemi með höndum í a.m.k. þrjú ár eða, ef um er að ræða yfirtekið fyrirtæki, skal það hafa verið starfrækt í a.m.k. þrjú ár,
  - 7) ef lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er tiltækt fyrir innviðaaðilann, er slíkt lánshæfismat með útlánagæðaprep á milli 0 og 3.“
- 4) Ákvæðum 168. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Í undireiningu hlutabréfaáhættu sem um getur í b-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal taka með undireiningu áhættu vegna hlutabréfa af gerð 1, undireiningu áhættu vegna hlutabréfa af gerð 2, undireiningu áhættu fyrir viðurkennd innviðahlutabréf og undireiningu áhættu fyrir viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum.“

b) Eftirfarandi 3. mgr. b bætist við:

„3b. Viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum skulu samanstanda af hlutabréfum í innviðaaðilum sem uppfylla viðmiðunina sem sett er fram í 164. gr. b.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Gjaldþolskrafa fyrir hlutabréfaáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{Hlutabréf} = \sqrt{SCR_{equ1}^2 + 2.0,75 \cdot (SCR_{equ2} + SCR_{qunif} + SCR_{qunifc})} + (SCR_{equ2} + SCR_{qunif} + SCR_{qunifc})$$

þar sem:

- a)  $SCR_{equ1}$  táknar gjaldþolskröfuna fyrir hlutabréf af gerð 1,
- b)  $SCR_{equ2}$  táknar gjaldþolskröfuna fyrir hlutabréf af gerð 2,
- c)  $SCR_{qunif}$  táknar gjaldþolskröfuna fyrir viðurkennd innviðahlutabréf,
- d)  $SCR_{qunifc}$  táknar gjaldþolskröfuna fyrir viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum.“

d) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

- „a) hlutabréf, önnur en viðurkennd innviðahlutabréf eða viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum, sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eru viðurkenndir félagslegir framtakssjóðir, eins og um getur í b-lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 (\*), þegar hægt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar á allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða einingar eða hluti í þessum sjóðum þegar ekki er hægt að beita gegnsæisaðferðinni á allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu,
- b) hlutabréf, önnur en viðurkennd innviðahlutabréf eða viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum, sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eru viðurkenndir áhættufjármagnssjóðir, eins og um getur í b-lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 (\*\*), þegar hægt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar á allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða einingar eða hluti í þessum sjóðum þegar ekki er hægt að beita gegnsæisaðferðinni á allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu,

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1).“

ii. Í stað i. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

- „i. hlutabréf, önnur en viðurkennd innviðahlutabréf eða viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum, sem haldið er í slíkum sjóðum þegar hægt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar á allar áhættuskuldbindingar innan sérhæfða sjóðsins,“.

iii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

- „d) hlutabréf, önnur en viðurkennd innviðahlutabréf eða viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum, sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem hafa starfsleyfi sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/760, ef hægt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar á allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða einingar eða hluti í þessum sjóðum þegar ekki er hægt að beita gegnsæisaðferðinni á allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu,“.

## 5) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 169. gr.:

„4. Gjaldþolskrafa fyrir viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum, sem um getur í 168. gr. þessarar reglugerðar, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af eftirfarandi skyndilegum lækkunum:

- skyndilegri lækkun sem er jöfn 22% í virðinu á fjárfestingum í viðurkenndum hlutabréfum innviðafyrirtækja í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef þessar fjárfestingar eru að eðli til stefnumarkandi,
- skyndilegri lækkun sem er jöfn summu 36% og 92% af samhverfu aðlöguninni eins og um getur í 172. gr. þessarar reglugerðar, í virðinu á viðurkenndum hlutabréfum í innviðafyrirtækjum öðrum en þeim sem um getur í a-lið.“

## 6) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 170. gr.:

„4. Ef váttrygginga- eða endurtryggingafélag hefur fengið samþykki eftirlitsyfirvalda til að beita ákvæðunum sem sett eru fram í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal gjaldþolskrafa fyrir viðurkennd hlutabréf í innviðafyrirtækjum vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri lækkun:

- sem er jöfn 22% af virði viðurkennds hlutabréfs í innviðafyrirtæki sem samsvarar rekstrinum sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB,
- sem er jöfn 22% af virði viðurkenndra hlutabréfa í innviðafyrirtækjum í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef þessar fjárfestingar eru að eðli til stefnumarkandi,
- sem er jöfn alls 36% og 92% af samhverfu aðlöguninni eins og um getur í 172. gr. þessarar reglugerðar, af virði viðurkenndra hlutabréfa í innviðafyrirtækjum öðrum en þeim sem um getur í a- eða b-lið.“

## 7) Í 171. gr. kemur eftirfarandi í stað inngangsmálsliðarins:

„Að því er varðar a-lið 1. mgr., a-lið 2. mgr., a-lið 3. mgr. og a-lið 4. mgr. 169. gr. og b-lið 1. mgr., b-lið 2. gr., b-lið 3. mgr. og b-lið 4. mgr. 170. gr. skulu hlutabréf sem eru að eðli til stefnumarkandi tákna hlutabréf þar sem hluteignarfyrirtæki á váttrygginga- eða endurtryggingasviði sýna fram á eftirfarandi:“

## 8) Eftirfarandi 14., 15. og 16. mgr. bætast við 180. gr.:

„14. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána sem uppfylla viðmiðunina sem er sett fram í 15. mgr. skal úthlutað áhættustuðli *stress<sub>i</sub>* með hliðsjón af útlánagæðaprepi og líftíma áhættuskuldbindingarinnar samkvæmt eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaprep		0		1		2		3	
Tímalengd ( <i>dur<sub>i</sub></i> )	<i>stress<sub>i</sub></i>	<i>a<sub>i</sub></i>	<i>b<sub>i</sub></i>	<i>a<sub>i</sub></i>	<i>b<sub>i</sub></i>	<i>a<sub>i</sub></i>	<i>b<sub>i</sub></i>	<i>a<sub>i</sub></i>	<i>b<sub>i</sub></i>
allt að 5	$b_i \cdot dur_i$	—	0,68%	—	0,83%	—	1,05%	—	1,88%
Meira en 5 og allt að 10	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 5)$	3,38%	0,38%	4,13%	0,45%	5,25%	0,53%	9,38%	1,13%
Meira en 10 og allt að 15	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 10)$	5,25%	0,38%	6,38%	0,38%	7,88%	0,38%	15,0%	0,75%
Meira en 15 og allt að 20	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 15)$	7,13%	0,38%	8,25%	0,38%	9,75%	0,38%	18,75%	0,75%
Meira en 20	$\min[a_i + b_i \cdot (dur_i - 20); 1]$	9,0%	0,38%	10,13%	0,38%	11,63%	0,38%	22,50%	0,38%

15. Viðmiðunin fyrir áhættuskuldbindingar sem er úthlutað áhættustuðli í samræmi við 14. mgr. skal vera:
- a) áhættuskuldbindingin tengist viðurkenndri fjárfestingu í innviðafyrirtæki sem uppfyllir viðmiðunina sem sett er fram í 164. gr. b,
  - b) áhættuskuldbindingin er ekki eign sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
    - henni er úthlutað á aðlögunareignasafn vegna samræmingar, í samræmi við 2. mgr. 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB,
    - henni hefur verið úthlutað útlánagæðaprepi milli 0 og 2,
  - c) lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir innviðaaðilann,
  - d) áhættuskuldbindingunni hefur verið úthlutað útlánagæðaprepi milli 0 og 3.

16. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána sem uppfylla viðmiðunina sem sett er fram í a- og b-lið 15. mgr., en uppfylla ekki viðmiðunina sem sett er fram í c-lið 15. mgr., skal úthlutað áhættustuðli *stress*; sem er jafngildur útlánagæðaprepi 3 og líftíma áhættuskuldbindingarinnar í samræmi við töfluna sem sett er fram í 14. mgr.“

- 9) Í stað b-liðar 2. mgr. 181. gr. kemur eftirfarandi:

„Fyrir eignir í úthlutaða eignasafninu sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, og fyrir viðurkenndar innviðaeignir og fyrir viðurkenndar eignir innviðafyrirtækja sem hefur verið úthlutað útlánagæðaprepi 3, skal lækkunarþátturinn vera 100%.“

- 10) Í stað 261. gr. a kemur eftirfarandi:

„261. gr. a

#### **Áhættustýring fyrir viðurkenndar innviðafjárfestingar eða viðurkenndar fjárfestingar í innviðafyrirtækjum**

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu gera fullnægjandi áreiðanleikakönnun áður en ráðist er í viðurkenndar innviðafjárfestingar eða viðurkenndar fjárfestingar í innviðafyrirtækjum, þ.m.t. allt eftirfarandi:

- a) skjalfest mat á því hvernig innviðaaðilinn fullnægir viðmiðunum sem settar eru fram í 164. gr. a eða 164. gr. b, sem hefur farið í gegnum staðfestingarferli sem framkvæmt er af aðilum sem eru óháðir þeim aðilum sem bera ábyrgð á mati á viðmiðununum, og án mögulegra hagsmunaárekstra milli þeirra,
- b) staðfestingu á að sérhvert fjárhagslíkan fyrir sjóðstreymi innviðaaðilans hafi farið í gegnum staðfestingarferli sem framkvæmt er af aðilum sem eru óháðir þeim einstaklingum sem ábyrgir eru fyrir þróuninni á fjármálalíkaninu, og eru án mögulegra hagsmunaárekstra við þá aðila.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög með viðurkennda innviðafjárfestingu eða viðurkennda fjárfestingu í innviðafyrirtæki skulu reglulega vakta og framkvæma álagspróf á sjóðstreymið og virði veða sem styðja innviðaaðilann. Öll álagspróf skulu vera í samræmi við eðli, umfang og margbreytileika áhættunnar sem felst í innviðaverkefninu.

3. Í álagsprófinu skal taka til athugunar áhættu sem stafar af starfsemi sem ekki er á sviði innviða, en ekki skal taka tillit til tekna af slíkri starfsemi þegar ákvarðað er hvort innviðaaðilinn geti staðið við fjárskuldbindingar sínar.

4. Þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélög eiga umtalsverðar viðurkenndar innviðafjárfestingar eða viðurkenndar fjárfestingar í innviðafyrirtækjum skulu þau koma á skjalfestu verklagi, sem um getur í 3. mgr. 41. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þar sem kveðið er á um hvernig innviðaverkefni eru vöktuð meðan þau eru byggð upp og hvernig endurheimt fjárfestingar er hámarkuð ef verkefnið gengur ekki upp.

5. Vátrygginga- eða endurtryggingafélög með viðurkennda innviðafjárfestingu eða viðurkennda fjárfestingu í innviðafyrirtæki í skuldabréfum eða lánum skulu aðlaga eigna- og skuldastýringu til að tryggja að þau geti átt fjárfestinguna meðan verkefnið varir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júní 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---